



Ég heiti **Gígja Eyjólfdsóttir** og gef kost á mér sem fulltrúi leikmanna á kirkjupingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi. Ég er 36 ára, verkfræðingur og starfa við hugbúnaðarráðgjöf hjá LS Retail. Ég er gift Atla Geir Júlíusssyni, verkfræðingi og saman eigum við tvö börn þau Patrek 14 ára og Hildigunni 7 ára.

Frá því ég var lítil hef ég sótt kirkju. Ég byrjaði sem almennur gestur í Sunnudagaskólanum og fann mjög fljótt að mér leið vel þar. Fyrr en varði var ég farin að hjálpa til við hin ýmsu störf þrátt fyrir ungan aldur. Ég gekk síðar í barnakór Grindavíkurkirkju sem starfræktur var af þáverandi organista Siguróla Geirssyni. Með barnakórnum hélt ég áfram þátttöku minni í helgihaldi fram að fermingaraldri. En eins og oft vill verða þegar fólk kemst á unglingsár þá rofnar tengingin við kirkjuna. Ég var þar engin undantekning. Það var ekki fyrr en árið 2012 að ég gekk í sönghópin Vox Felix, sem er ungmennakór starfræktur sem samstarfsverkefni kirknanna á Suðurnesjum, að ég hóf að sækja kirkjuna á ný. Síðastliðin 10 ár hef ég tekið þátt í helgihaldi og fundið aftur þessa tilfinningu sem gerði það að verkum að mig langaði að sækja kirkju og nú að starfa fyrir kirkjuna. Ég sit í sóknarnefnd Grindavíkurkirkju og hef gert það frá árinu 2019, fyrst sem varamaður en haustið 2021 tók ég sæti sem aðalmaður.

Nú er tími komin til að taka næsta skref og bjóða mig fram til kirkjupings til að leggja mitt af mörkum í þeirri vinnu sem framundan er.

Málefni kirkjunnar eru mér hugleikin. Ég er fulltrúi þeirrar kynslóðar sem hefur hvað mest yfirgefið söfnuðinn á undanförunum árum. Ég tel mig hafa fram að færa rödd þeirrar kynslóðar sem við þurfum að ná til. Mínar áherslur eru að skoða leiðir til að efla starf kirkjunnar til framtíðar og tryggja að komandi kynslóðir finni sig í því starfi sem þar fer fram. Söngurinn er og hefur verið mín tenging við kirkjuna alla tíð. Ég tel marga af minni kynslóð hafa sömu sögu að segja. Í gegnum tónlistina sé ég meðal annars tækifæri til eflingar á starfi kirkjunnar. Þrátt fyrir að hafa ekki víðtæka reynslu og þekkingu á kirkjustarfi veit ég að mín reynsla af störfum innan kirkjunnar geti nýst vel ásamt almennri þekkingu á rekstri fyrirtækja og félagasamtaka.

Þjóðkirkjan stendur nú á tímamótum og ljóst að þeirra sem verða kjörnir fulltrúar næsta kirkjupings biður ærið verkefni. Hvernig getum við spornað gegn þeim flóttu sem nú virðist eiga sér stað úr þjóðkirkjunni? Hvernig fáum við börnin sem sækja samvisskusamlega barnastarf kirkjunnar og mögulega fram að fermingu til að fylgja starfinu fram á fullorðinsár?

Mínar áherslur eru að skoða leiðir til að efla starf kirkjunnar til framtíðar og brúa kynslóðabilið.